

Um höfundinn Carmen Lyra

Carmen Lyra er höfundarnafn Maríu Isabel Carvajal Quesada. Hún fæddist í höfuðborg Kostaríu, San José, árið 1887, en lést í útlegð í Mexíkó árið 1949.¹ Lyra lauk kennaraprófi árið 1904 og lagði um árabíl stund á barnakennslu í skólum og á barnadeild San Juan de Dios-spítalans. Hún lét snemma til sín taka á sviði stjórn- og félagsmála. Meðal annars barðist hún gegn Tinoco-einræðisstjórninni árið 1919 en þegar stjórnin féll og Julio Acosta komst til valda var Lyra send til Evrópu til frekara náms í kennslufræðum við Sorbonne-hálskólann í París. Á meðan á þeirri dvöl stóð sótti hún Ítalíu og England heim, en snéri aftur til Kostaríku árið 1921.

Menntamál voru Carmen Lyra ætíð hugleikin og þá sérstaklega menntun fátækra barna og kvenna. Árið 1926 stofnaði hún til dæmis og stýrði skóla sem byggði á hugmyndafræði Montessori kenninganna, *Escuela Maternal Montessoriana*. Árið 1931 gekk hún í Kostaríska kommúnistaflokkinn og stofnaði í kjölfarið Verkalýðsfélag verkakvenna, *Sindicato Único de Mujeres Trabajadoras*, og vann að stofnun samtaka kostarískra kennara. Síðustu ár ævi sinnar helgaði Carmen Lyra sig stjórnámálum og vann sem blaðamaður. Þegar borgarastríðinu í Kostaríka lauk árið 1948 var hún rekin úr landi og leitaði hælís í Mexíkó, þá farin að heilsu. Ári síðar falaðist hún eftir því að flytja til baka en var synjað. Hún lést í Mexíkó í maí árið

1 Yfirlitið um Carmen Lyra er unnið upp úr eftirfarandi heimildum: *Guías Costa Rica: Información General e Histórica*: <http://guiascostarica.info/personajes/maria-isabel-carvajal-quesada-carmen-lyra/> og „Bibliografía selecta de la cuentística de escritoras centroamericanas“ eftir Willi O. Muñoz: <http://istmo.denison.edu/n18/proyectos/munoz.html> [Sótt 3/8/2016].

1949 en líkamsleifar hennar voru fluttar til Kostaríku skömmu síðar og jarðsettar í San José-borg.

Carmen Lyra hóf ritstörf ung að árum og fyrstu verk hennar birtust í blöðum og tímaritum ýmis konar. Hún skrifaði barnaleikritin *La niña Sol* (Stúlkan sem hét Sól) og *Había una vez* (Einu sinni var) en langþekktasta verk hennar *Cuentos de mi tía Panchita* (Sögur Panchitu frænku minnar) kom fyrst út árið 1920, en hefur oft verið gefið út síðan. Í Kostaríku hefur hún verið talin upphafshöfundur frásagnargerðar sem kennd er við félaglegt raunsæi eins og það birtist m.a. smásögunum “El Barrio Cothnejo Fishy” (Cothnejo Fishy-hverfið, 1923), “Siluetas de la Maternal” (Skuggamyndir úr Maternal-skólanum“, 1929) og “Bananos y hombres” (Bananar og menn, 1931/1933) en þessi verk færðu henni frægð í heimalandinu jafnt sem utan þess.²

Eftir Carmen Lyra liggur einnig skáldsagan *En una silla de ruedas* (Í hjólastól, 1917/1918) og fjöldinn allur af styttri sögum sem eftir hennar dag hafa verið gefnar út í safnútgáfum, sú síðasta *Narrativa de Carmen Lyra: Relatos escogidos* (Skáldverk Carmen Lyra: Úrval sagna), kom út í Kostaríku árið 2011. Nokkrar smásagna Lyra hafa einnig ratað í safnrit erlendis s.s. í Salvador, Mécikó, og á Spáni.

Höfundaverk Carmenar Lyra ber vitni þeirri hugmyndafræði sem hún aðhylltist á hverjum tíma; fyrst áhrifum kristinnar trúar, svo hugmyndum anarkisma, þá hugmyndum gegn heimsvaldastefnu (s. *antiimperialismo*), og síðar hollustu við sósíalisma (s. *socialismo científico*) og stjórnmalahreyfinga verkamanna. Sé litið til sögu kostarískra kvenhöfunda er hún á meðal þeirra sem fyrst brutust út úr hefðbundnum ramma í skrifum sínum, sem kostaríski fræðimaðurinn Magda Zavala bendir á að í tilviki Lyra hafi ráðist af andstöðu hennar gegn ríkjandi viðhorfum í íhaldssömu bændasamfélagi heimalandsins. Zavala ítrekar að það að gera þá andstöðu opinbera hafi verið óalngengt af hálfu kvenna í Kostaríku á fyrri hluta tuttugustu aldar og ekki hvað síst úr þeirri þjóðfélagsstöðu sem Lyra tilheyrði.³

2 Iván Molina Jiménez (2002). „Un pasado comunista por recuperar: Carmen Lyra y Carlos Luis Fallas en la década de 1930“: http://www.helsinki.fi/aluejakulttuurintutkimus/tutkimus/xaman/articulos/2002_01/molina.html [Sótt 2/8/2016].

3 Zavala, Magda (2009). „El cuento que desafía: Las narradoras costarricenses y el gesto de ruptura“, bls. 95-117, í *CENTROAMERICANA* 16, Direttore: Dante Liano, Milano, Italy, Útg: Cattedra di Lingua e Letterature Ispanoamericane, Università Cattolica del Sacro Cuore, 2009. <http://www.educatt.it/libri/ebooks/A-00000243.pdf> [Sótt 3/8/2016].